



Leiðbeiningar um notkun á Karellen Appinu

FYRIR STARFSFÓLK OG STJÓRNENDUR LEIKSKÓLA

Byrjum á því að sækja APPIÐ


Það fer eftir því hvort þú ert með Ipad eða Spjaldtölvu með Android stýrikerfinu hvert þú sækir APPIÐ

Android

Ferð í Google Play og leitar þar að Karellen


Ipad

Ferð í Appstore og leitar þar að Karellen




Svona skráir þú þig inn

- ▶ Þegar því er lokið og appið komið í spjaldtölvuna/símann þá skráð inn með notandanafni (s á undan kennitölunni) og lykilorði sem er það sama og notað er á innri vefinn.




Nemendalisti valinn

- ▶ Þegar komið er inn í appið þá birtist nemendalistinn á valinni deild.
- ▶ Ef starfsmaður er skráður á fleiri en eina deild þá þarf að veja hvaða deild starfsmaður vill sjá. Það er gert með því að smella á nafn deildarinnar í þessu tilviki 'Seladeild'




Fyrsta sýn

- ▶ Þegar komið er inn í appið þá birtist nemendalistinn á valinni deild. Ef starfsmaður er skráður á fleiri en eina deild þá þarf að veja hvaða deild hann vill sjá. Það er gert með því að smella á 'Seladeild'



Hvernig nýtist appið í daglegu starfi?

- ▶ Þegar starfsmaður er að skrá mætingu, svefn eða máltíðarskráningu þá erum við alltaf stödd í nemendalistanum. Skráning er gerð með því að renna fingri frá hægri til vinstri á nafni barnsins í listanum (ekki ýta á nafn barnsins)
- ▶ Þegar það er gert þá færð þú upp þrjá valmöguleika: Mætinga-, svefn- og máltíðaskráningu.
- ▶ Eins og sjá má hérna á myndinni þá erum við stödd í nemendalistanum og það er búið að renna fingrinum þannig að við fáum upp þessa þrjá valmöguleika.



Viðveruskráning

- ▶ Þegar ýtt er á viðverutakkann (græni takkinn) þá er farið beint inn í að skrá viðveru á viðkomandi barn.
- ▶ Inn kemur alltaf rauntíminn, ef sá tími er ekki réttur og það þarf að breyta tímanum þá er ýtt á tímanna og klukkunni breytt. Svo næst er ýtt á 'Senda' og þá er mæting komin á barnið.
- ▶ Ef verið er að skrá brottför virkar þetta eins nema þá er valið 'Farin(n)' og ýtt á senda.

NOVA 11:08 99%

Hætta við Anna Birgitte Jökulsdóttir

Attendance type

Mætt(ur)	Farin(n)	
Í leyfi	Veikindi	Fjarvist

Dagsetning 19.06.2017 - 08:00

Sat 17 Jun	06	58
Sun 18 Jun	07	59
Today	08	00
Tue 20 Jun	09	01
Wed 21 Jun	10	02


Lýsing

Skrifaðu lýsingu hér

Senda

Máltíðarskráning

- ▶ Næsta er það þá takki nr 2 og það er máltíðarskráning. Matseðill þarf alltaf að vera inni í kerfinu svo hægt sé að skrá upplýsingar varðandi máltíð hjá barninu.
- ▶ Í appinu sést ekki matseðilinn heldur er þetta tímastíllt: Milli klukkan 8:00 – 10:59 skráist morgunmatur, 11:00 – 13:29 skráist hádegismatur og 13:30 – 16:00 skráist nónhressing.
- ▶ Ef breyta þarf klukkunni til dæmis ef klukkan er orðin 14:00 en þú ætlar að skrá hádegismat þá ýtir þú á tímann og breytir honum í t.d. 12:00, þá skráist inn hádegismatur.
- ▶ Muna að ýta á 'Senda'



The screenshot shows a mobile app interface for meal scheduling. At the top, there is a yellow header with the text "Hætta við" and "Adolf Guðni Jónsson". Below the header, the question "Hversu vel borðaði barnið?" is displayed. There are three columns: "Vel" (highlighted in green), "Lítið", and "Ekkert". Below this is a table showing the date and time "Dagsetning" as "19.06.2017 - 12:08". The table lists the following data:

Dagsetning	19.06.2017 - 12:08
Sat 17 Jun	10 06
Sun 18 Jun	11 07
Today	12 08
Tue 20 Jun	13 09
Wed 21 Jun	14 10

Below the table, there is a section titled "Lýsing" with the text "Skrifaðu lýsingu hér". At the bottom, there is a green button labeled "Senda".

Svefnskráning

- ▶ Þá er það þriðji og síðasti takinn sem er svefnskráning (tunglið). Þegar smellt er á það þá er tíminn þegar barnið sofnaði og vaknaði skráður inn.
- ▶ Ýta á 'Senda' til að skrá skráninguna



NOVA 11:09 99%

Hætta við Adolf Guðni Jónsson

Frá 19.06.2017 - 11:09

Til 19.06.2017 - 11:09


Lýsing

Skrifaðu lýsingu hér

Senda


Nemendalisti eftir skráningar

- ▶ Þegar búið er að skrá þessar upplýsingar hjá barni þá birtast tákn í nemendalistanum hjá viðkomandi barni.
- ▶ Til dæmis hérna á myndinni sést klukkan hvað hann Adolf mætti og að búið er að skrá hádegismat og svefnskráningu hjá honum.
- ▶ Einnig má sjá að börnin sem búið er að skrá viðveru hjá fara neðst í listann, óskráðu börnin eru alltaf efst.



Valmynd

- ▶ Þegar smelt er á strikin þrjú uppi í horninu vinstra megin í gulu línunni þá kemur upp valmynd. Þar eru valmöguleikar á að skoða dagatal skólans, matseðil vikunnar, farið inn í myndavélina til að taka myndir og stillingar.
- ▶ Í dagatalinu er hægt að sjá viðburði skólans ef búið er að skrá þá inn.
- ▶ Undir stillingum er hægt að velja hvort tækið láti vita þegar skilaboð frá foreldrum berast.



Upplýsingar barns

NOVA 12:57 90%

Anna Birgitta Jökulsdóttir

Mæting Skilaboð Aðstandendur

SUN	MON	TUE	WED	THU	FRI	SAT
30	01	02	03	04	05	06
07	08	09	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	01	02	03
04	05	06	07	08	09	10

12:56 08.05.2017
Er í skólanum - Skrifaðu lýsingu hér

- ▶ ← Ef ýtt er á nafn barnsins í nemendalistanum þá er farið inn á spjald barns og hægt er að sjá mætingu núverandi mánaðar, skilaboð milli skóla og aðstandenda og helstu upplýsingar um aðstandendur.
- ▶ Hægt er að eyða út viðveruskráningu: Þegar ýtt er á til dæmis 8.maí (fjólublái hringurinn) þá kemur viðveruskráning fyrir þann dag. Ef ýtt er á viðveruskráninguna er hægt að eyða henni með því að ýta á 'Eyða' og þá verður barnið óskráð inni á nemendalista. →

NOVA 12:57 90%

Hætta við

12:56 08.05.2017
Er í skólanum

Lýsing
Skrifaðu lýsingu hér

Eyða


Myndavél

- ▶ Undir valmyndinni (strikinn þrjú) er hægt að velja 'Myndavél' eða myndavélatáknið hægra megin í horninu í gulu stikunni.
- ▶ Ef myndavélin **virkar ekki** þá gæti þurft að fara í stillingar í tækinu (ekki appinu) og leyfa Karellen appinu að nota myndavélina.
- ▶ Þegar mynd er tekin í gegnum appið er smellt á gula hringinn, myndin tekin og ýtt á grænu örina til þess að merkja myndina og senda hana áfram.



Merking mynda

- ▶ Eftir að hafa smelt á grænu örina er kominn nemendalisti deildarinnar og þar er hakað við þá nemendur sem eru inni á myndinni og ýtt á senda.
- ▶ Þá er myndin komin inn í Karellen kerfið, svæðið hjá barninu og foreldrar fá tilkynningu í símann. Myndin sem tekin er í gegnum appið vistast ekki í tækið heldur fer hún beint inn í kerfið og eru aðgengilegar þar.



Gagnlegar upplýsingar

- ▶ Gott er að hafa í huga að það er nauðsynlegt að endurhlaða listann af og til ef til dæmis margir eru að vinna í sama nemendalistanum í sitthvorri tölvunni.
- ▶ Karellen appið er hugsað fyrir starfsfólk sem flýtleið í daglegu starfi, hægt er að framkvæma allar aðgerðir á vefnum.
- ▶ Inni á heimasíðu Karellen, www.karellen.is, má finna myndband og fleiri upplýsingar varðandi appið og kerfið sjálf.
- ▶ Einnig minnum við á hjálparsíðuna hjalp.leikskolinn.is þar sem þú getur fundið myndbönd og leiðbeiningar varðandi Karellen.